



857. fundur stjórnar GSÍ, 9. desember 2014, kl.18:00 sem fram fór á Hliði á Álftanesi.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Ágúst Sverrisson, Kristín Guðmundsdóttir, Bergþóra Sigmundsdóttir, Bergsteinn Hjörleifsson, Theódór Kristjánsson og Jón Júlíus Karlsson. Þá sat fundinn Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri og skráði hann fundargerð.

1. Smáþjóðaleikar 2015

Nú er forskráningu þátttakenda á Smáþjóðaleikunum lokið og eru 34 keppendur skráðir til leiks í golfi. Sjö lið í karlaflokki og fimm lið í kvennaflokki. Kýpur og Svartfjallaland senda ekki lið til keppni og Malta og San Marínó senda einungis karlalið.

Undirbúningur gengur ágætlega í samstarfi við Golfklúbb Reykjavíkur. Hörður Geirsson hefur verið skipaður yfirdómari mótsins. Þá hefur verið leitað til EGA um að tilnefna tæknifulltrúa til að hafa eftirlit með að mótið fari fram samkvæmt reglugerðum sem leikið er eftir.

Þar sem mótið fer fram í byrjun sumars, kom fram sú ábending hvort ekki væri skynsamlegt að vera með varavöll til taks, ef aðstæður væru með þeim hætti að frostskemdir eða veðurfar hefði áhrif á keppnisvöllinn. Framkvæmdastjóra var falið að ræða við þá klúbba sem koma til greina að taka við mótinu, ef aðstæður skipast með þeim hætti að færa þarf mótið til.

2. Formannafundur GSÍ

Haukur Örn fór stuttlega yfir helstu niðurstöður formannafundar, sem haldinn var á Hótel Borgarnesi 8. nóvember sl. Stjórnarmenn voru sammála um að fundurinn hefði tekist vel og góðar og uppbyggilegar umræður hafi verið á fundinum.

Fundargerð formannafundar hefur verið send klúbbunum og birt á heimasíðu GSÍ og þar kemur m.a. fram ályktun um að stjórn GSÍ hefji innleiðingu á breytingum á teigasettum í samstarfi við klúbbana. Þegar hafa þrjú klúbbar, GG, GO og GA ákveðið að hefja undirbúning á að breyta teigamerkingum fyrir næsta ár. Samþykkt var að framkvæmdastjóri sendi öllum klúbbum hvatningu um að taka þátt í þessu verkefni á nýju ári.

3. Mál til dómstóls GSÍ

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um að Gunnar Jónsson hefði kært úrskurð aganefndar Gólf Sambands Íslands í máli nr. 2/2014, sem kveðinn var upp 10. nóvember sl., til dómstóls GSÍ. Formaður dómstóls GSÍ, Hjörleifur Kvaran hefur falið Tryggva Guðmundssyni, dómara við dómstólinn, að fara með málið. Í framhaldinu má vænta þess að varnaraðila í dómsmálinu, mótsstjórn sveitakeppni drengja, verði gefinn kostur á að skila greinargerð sinni til dómstólsins. Í ljósi þess að mótsstjórn var á vegum GSÍ var samþykkt að framkvæmdastjóri hlutaðist til um að finna utanaðkomandi aðila, með lögfræðimenntun, til að annast rekstur málsins f.h. mótsstjórnar.



4. Starfsáætlun stjórnar 2015

Lögð var fram starfsáætlun stjórnar fyrir starfsárið 2015. Lagt var til að stjórnarfundir verði haldnir þriðja þriðjudag hvers mánaðar og hefjist að jafnaði kl.17:00. Þá var samþykkt að fundirnir yrðu færðir inná tímaskráningarkerfi og stjórnarmönnum sent boð þess efnis.

5. Næsti fundur

Samkvæmt starfsáætlun verður næsti fundur því þriðjudaginn 20. janúar n.k.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.19:00.